

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Fimmtudaginn 10. október 2002 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Íþróttahús**

a) Kostnaðaráætlun vegna milliveggs í kennslustofur.

Oddvit gerði grein fyrir óskum skólastjóra um að hljóðeinangrandi milliveggur verði settur upp á milli kennslustofa á miðhæð íþróttahúss þar sem kennsla við núverandi aðstæður sé ekki talin viðunandi vegna truflunar á milli bekkja.

Fyrir fundinum lá kostnaðaráætlun vegna gerðar milliveggsins sem Helgi Gunnarsson hafði gert. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að gerð veggjarins kosti um 300 þús. Samþykkt að veggurinn verði byggður skv. fyrirliggjandi kostnaðaráætlun.

b) Kostnaðaráætlun vegna uppsetningar á klifurvegg

Sveitarstjóri gerði grein fyrir óskum Calle Jakobsen íþróttakennara um að komið verði upp aðstöðu til að æfa klifur í íþróttahúsinu.

Fyrir fundinum lá kostnaðaráætlun um gerð klifurveggjar sem húsvörður hafði tekið saman. Þar er gert ráð fyrir að klifurveggur með tilheyrandi búnaði kosti um 390 þús. Samþykkt að vísa málinu til gerðar næstu fjárhagsáætlunar.

**2. Bréf:**

a) Hallbjarnar Hjartarsonar dags. 4. október 2002.

Fyrir fundinum lá bréf Hallbjarnar þar sem hann sendir hreppsnefnd afrit af erindi sínu til ríkisstjórnar Íslands. Í fyrrgreindu erindi leitar hann stuðnings ríkisstjórnar til að koma í framkvæmd hugmyndum sínum um að koma upp kántrýgarði á Skagaströnd.

Hreppsnefnd fagnað stórhuga áætlunum Hallbjarnar og í umræðum um málið kom fram að hreppsnefnd hefði hug á að beita sér fyrir að gerð verði hagkvæmniathugun á málinu. Oddviti tók að sér að ræða við INVEST um málið og kanna möguleika á fjármagni.

b) Dansdeildar Umf. Fram, dags. 8. október 2002.

Fyrir fundinum lá erindi dansdeildar Umf. Fram þar sem óskað er eftir styrk til að kaupa hljómf lutningstæki fyrir deildina.

Samþykkt að veita 50 þúsundum til deildarinnar vegna málsins.

c) Íbúa við Ránarbraut, dags. 25. september 2002.

Fyrir fundinum lá bréf frá 4 eigendum raðhúsanna að Ránarbraut 9-15 sem leita eftir úrlausn á þeim miklu snjóalögum sem koma að umræddum raðhúsum. Sveitarstjóri greindi frá þeim viðræðum sem hann hafi átt við veðurstofuna um málið og að leita þurfi verkfræðilegrar ráðgjafar ef skoða eigi hvort forsenda er til að finna lausnir á málinu. Sveitarstjóra falið að vinna áfram með málið.

d) Skipulagsstjóra, dags. 13. september 2002.

Fyrir fundinum lá erindi Skipulagsstjóra sem lýsir ánægju sinni með áhuga Höfðahrepps á endurgerð líkans af skipulagi Höfðakaupstaðar og samþykkir að sveitarfélagið fái það til varðveislu. Í bréfinu kom fram að Skipulagsstofnun samþykkir að kostnaði við endurgerðina verði skipt og samþykkir að stofnunin greiði 100 þús. til verksins. Samþykkt að láta gera líkanið upp og leita stuðnings fyrirtækja og stofnana til að fjármagna það.

e) Módelismið ehf. dags. 3. september 2002.

Fyrir fundinum lá erindi Módelismiði ehf. þar sem gert er tilboð í lagfæringu á líkani af skipulagi Höfðakaupstaðar frá því um 1950. Afgreitt undir lið (d).

f) Landbúnaðraráðuneytisins, dags. 22. ágúst 2002.

Með bréfinu var kynnt að sett verði reglugerð um búfjárefartilvitssvæði og framkvæmd eftirlits. Meðfylgjandi bréfinu var samantekt um fyrirhuguð búfjárefartilvitssvæði sveitarfélaga. Í samantektinni kemur fram að Austur-Húnavatnssýsla verði eitt eftirlitssvæði. Hreppsnefndarmenn gerðu ekki athugasemdir við fyrirhugaða svæðisskiptingu.

g) Aðstandenda vistmanna á Sæborg, dags. 2. september 2002

Bréfið sem var afrit af bréfi til þjónustuhóps aldraðra í A-Hún var samið og sent til að kynna óskir aðstandenda um betri aðbúnað og eftirlit með öldruðum á dvalarheimilinu. Bréfið var undirritað af 23 aðstandendum vistmanna á Sæborg. Mikil umræða varð um málið og rætt um nauðsyn þess að auka félagsstarf, umönnun og vöktun. Ekki var bein niðurstaða í málinu þar sem þjónustuhópur aldraðra hafði ekki skilað álit.

### **3. Fundargerðir**

a) Skólanefndar, 3. september 2002.

Í fundargerðinni var m.a. fjallað um aukningu kennslukvóta fyrir skólastarf 2002-2003 og kom fram að skólanefnd hafði samþykkt að kennslukvóti verði samtals 390 kest.

Fundargerðin var samþykkt en sveitarstjóra falið að fara yfir uppsetningu kennslukvóta og heimanámskennslu í skólanum með skólastjóra.

b) Hafnarnefndar, 18. september 2002.

Fundargerðin var samþykkt.

- c) Byggingarnefndar, 7. október 2002.  
Fundargerðin var samþykkt.
- d) Húsnæðisnefndar, 19. september 2002.  
Fundargerðin var samþykkt.
- e) Um fjallskilamál, 28. ágúst 2002.  
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Heilbrigðisnefndar Nl. v. 12. september 2002.  
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Heilbrigðisnefndar Nl. v. 24. september 2002.  
Fundargerðin var til kynningar.
- h) Héraðsráðs, 12. september 2002.  
Fundargerðin var til kynningar.

#### 4. Önnur mál

- a) Oddviti vakti máls á að ganga þurfi frá ráðningu sveitarstjóra. Samþykkt að fela honum að ganga frá ráðningarsamningi við Magnús B. Jónsson.
- c) Oddviti tók til umræðu hvort takmarka eigi eða banna rjúpnaveiði í landi Höfðahrepps. Eftirfarndi samþykkt var gerð: Hreppsnefnd Höfðahrepps samþykkir að öll rjúpnaveiði í landi Höfðahrepps verði óheimil nema með leyfi sveitarstjóra.
- d) Til umræðu var tekið að hreppsnefnd þurfi að beita sér fyrir því að endurbætur verði gerðar á gömulu mjölskemmuni, Hafnarlóð 6. Ákveðið að rita bréf til eigenda og hvetja til að átak verði gert í að bæta útlit hennar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl.10<sup>00</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Birna Sveinsdóttir  
(sign)